

# Lesbók

## Morgunbladsins

10. tbl.

Sunnudagur 15. marz 1953


XXVIII. árg.

# Uppruni Þjóðminjasafns

NÍUTÍU ÁR eru nú síðan Þjóðminjasafnið var stofnað. Áður höfðu forngrípir verið sendir úr landi, ýmist til Oldnordisk Museum í Kaupmannahöfn, eða seldir og gefnir erlendum ferðamönnum, er hingað lögðu leið sína. Íslendingar voru sjálfir gjör sneyddir áhuga fyrir því að varðveita þessa gripi og höfðu ekkert dálæti á þeim.

Þá risu upp tveir mætir menn, Sigurður Guðmundsson málari og Helgi Sigurðsson á Jörfa (síðar prestur á Melum) og ýttu svo rækilega við þjóðinni að hún rumskaði og áttaði sig á því, að þetta mætti ekki lengur ganga. Verður hér nú í stórum dráttum rakinn aðdragandi að stofnun safnsins og birtar lögeggjanir þeirra Sigurðar og Helga. Sumt í þeim á erindi til Íslendinga enn í dag, því hörmutlegt er hvað þeir eru tómlátir og kærulitlir yfirleitt um fornminjar sínar. Á hverju einasta ári fer hér meira og minna til spillis af gripum, sem bezt væri komnir í Þjóðminjasafnið. Þetta er handvömm, og er hugsunarleysi og kæruleysi um að kenna.

Vitað er, að fátt er nú orðið um



Löggilding á fyrstu skrá safnsins: „Bók þessi að stærð 82 — áttatíu og tvö — arkarblöð, gegnumþrædd og innsigliuð með innsigli Stifamtisins, löggildist hér með sem Dagbók Forngripasafnsins í Reykjavíkur kaupstað. — Stifamtmannhúsi þann 24. júlí 1864. Th. Jónasson“. — Stifamtmannhús kallast nú Stjórnarráð. Þórður Jónasson háyfirdómari var þá settur stifamtmaður.

mjög gamla gripi í eigu einstakra manna. En fleira á heima í safninu en margra alda gamlir gripir. Hver gripur verður forngrípur um leið og hætt er að nota hann í daglegu lífi. Á þessari öld hefir aragrúi gripa horfið úr notkun, og þetta eru orðnir forngrípir um leið, vitnisburður um menningu þjóðarinnar og breytta lifnaðarháttu á þessari öld, og ómetanlegur hlekkur í

hinni táknrænu menningarsögu, sem Þjóðminjasafnið er. Þar til má telja allskonar búsáhöld úr skemmu, smiðju, fjósi, búri, eldhúsi, baðstofu o. s. frv. Þessa gripi má ekki ónýta, þeir eiga að fara í Þjóðminjasafnið. Þegar menn skilja þetta, þá finna þeir eflaust að hvatningarorð þeirra Sigurðar og Helga eru einnig til þeirra töluð, og taka vonandi brýningunni.

